

## **Stjórnarfundur UÍA – 03. júlí 2019 kl.18:30**

**Mættir eru: Auður Vala Gunnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gassi Gunnarsson, Benedikt Jónsson, Elsa Sigrún Elísdóttir, Pálína Margesirdóttir og Gréta Sóley Arngrímsdóttir.**

**Fundurinn byrjaði á verðalunaafhendingu en Gunnar Gassi átti eftir að fá bronsverðlaun fyrir þútt á 50 +**

### **Dagskrá**

- **Fundargerð síðasta fundar.**

Samþykkt samhljóða.

- **Verkefni framundan/lokið**

- UMFÍ 50+Alls mættu 274 keppendur á mótið þar af 111 af okkar svæði , stjórn UIA samþykkti í tölvupósts samskiptum frá síðasta fundi að borga þáttökugjöld fyrir skráða af okkar svæði. Þar sem skráning var mjög dræm lengi framan af. Spjall um hvað gekk vel og hvað hefði mátt fara betur. Almennt eru menn sammála um að vel hefði gengið í flestu og margt að læra af þessu.

### **Sumarhátíð.**

Gréta Sóley fer yfir dagskrá Sumarhátíðar, stefnt er að mótsbyrjun um kl.19:00 og þá byrjað á styrktarmóti , umræður um hvað eigi að vera á styrktarmótinu sett upp sem frjálsar, þrjónaskapur, stígvélakast og Boccia. Fólk sammála um að Boccia taki of langan tíma fyrir kvöldstund og ákveðið að Boccia fari út. Þurfum að ákveða hvaða starfsemi á að styrkja og eftir smá umræður var ákveðið að styrkja Geðheilsusvið HSA, sem annast ungt fólk á okkar svæði.

Benedikt Jónsson yfirlag fund 19:30

- **Tour De Ormurinn**

Forskráning í tour De Ormurinn er lokið og fer vel af stað 26 skráningar komnar og tvö lið. Undirbúningur á réttu róli.

- **Önnur mál.**

Unglingalandsmót hvernig ætlum við að peppa okkar fólk til að fara, spurning hvort fara einn eða tveir starfsmenn og hvernig því verður háttað. Gunnar Gunnarsson ræddi um að starfsmenn þau Gassi og Gréta Sóley þurfi að koma sér saman um hver fer og hvernig þetta verður. Gunnar Gunnarsson gerir ráð fyrir að vera á svæðinu á vegum UMFI og taka myndir.

Auður Vala leggur til að nú að loknu Landsmót 50+ verði ekki gert upp endanlega fyrr en að allir reikningar séu komnir í hús. Lærðum mikið á Unglingalandsmótinu 2017 þar sem enn eru að berast reikningar.

Fundi slitið 20:30 fundargerð ritaði Pálína Margesirdóttir